

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 29. ágúst 2025
202507-0086/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2032 - Kúludalsá

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032 sem barst Náttúruverndarstofnun 16. júlí 2025. Breytingin felur í sér að hluti úr Kúludalsárlandi 4, sem áður var skilgreindur sem landbúnaðarsvæði og frístundabyggð, verði íbúðarsvæði, en hluti úr Kúludalsárlandi 2, sem áður var skilgreindur sem frístundabyggð, verði að hluta athafnasvæði og að hluta landbúnaðarsvæði. Heildarstærð svæðisins er um 23,5 ha.

Stefna aðalskipulags um náttúruvernd og forsendur breytingarinnar

Í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032 er lögð áhersla á að:

- Vernda líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi.
- Nýta náttúruauðlindir með sjálfbærum hætti.
- Endurheimta vistkerfi, sérstaklega votlendi, þar sem því verður við komið.
- Landnotkun fari fram í sátt við náttúruna og án röskunar sem leiðir til ofbeitar, mengunar eða annarrar rýrnunar vistkerfa.

Þar sem innan skipulagssvæðisins sem breytingin nær til eru vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi, telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að forsendur skipulagsbreytingarinnar taki mið af þessari stefnu. Það felur m.a. í sér að:

- Metið verði hvort verndargildi svæðisins sé fyrir hendi og hvernig viðhalda megi því.
- Sett verði skilyrði eða mótvægisaðgerðir sem tryggja að ekki sé gengið á viðkvæm vistkerfi.
- Náttúruverndarstefnan birtist með sambærilegum hætti og aðrar skipulagsstefnur í tillögunni, t.d. um íbúðarbyggð og frístundabyggð.

Gróður og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Innan skipulagssvæðisins eru vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi, þar á meðal starungsmýrar- og grasengjavist, samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Slíkar vistgerðir eru einnig á lista Bernarsamningsins yfir verndunarskyld vistkerfi. Í þessum vistgerðum verpa algengar mófuglategundir, m.a. spói og lóupræll, sem eru ábyrgðartegundir Íslands.

Rannsóknir sýna að stofnar mófugla séu að minnka á landsvísu og sérstaklega á Suðurlandi og að aukin landnotkun geti haft neikvæð áhrif á varp þeirra. Mófuglategundir hafa margar verið færðar um flokk í nýrri válistaflokkun Náttúrufræðistofnunar¹ og teljast nú í nokkurri hættu (t.a.m. heiðlóa, spói og stelkur). Nauðsynlegt er að þetta mat komi fram í tillögunni og að skoðað verði hvernig hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum á vistgerðir og fuglalíf.

Í ljósi þessa leggur Náttúruverndarstofnun til að skoðað verði sérstaklega:

- Hvort vistgerðir með hátt verndargildi séu enn til staðar innan svæðisins (t.d. með vettvangsskoðun).
- Hvort svæðið nýtist eða gæti nýst sem búsvæði mófugla og ábyrgðartegunda.
- Hvernig hægt sé að forðast rask og truflun, sérstaklega á varptíma.
- Hverjar gætu verið viðeigandi mótvægisaðgerðir, s.s. afmörkun rasksvæða og endurheimt raskaðs lands.

Einnig er bent á að samkvæmt skipulagsreglugerð skal gera grein fyrir óvissu um áhrif í aðalskipulagi og setja fram hvernig tekið verði á henni á næsta stigi, t.d. við gerð deiliskipulags.

Mótvægisaðgerðir

Í greinargerð tillögunnar er ekki fjallað um hvernig draga eigi úr áhrifum á náttúru, þrátt fyrir að svæðið geti innihaldið vistgerðir með verndargildi og fuglabúsvæði. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að mótvægisaðgerðir verði skilgreindar í framhaldinu, t.d.:

- Forðast rask á viðkvæmum svæðum.
- Taka tillit til varptíma fugla við framkvæmdir.
- Endurheimta raskað land þar sem við á.
- Setja skýra skilmála í deiliskipulag til að tryggja vernd náttúruverðmæta.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð kemur fram að áhersla verði lögð á snyrtilega og hreinlega starfsemi á athafnasvæði. Náttúruverndarstofnun tekur undir að leggja þurfi áherslu á að byggingar falli að landslagi og að hámarka beri gæði ásýndar með skilmálum í deiliskipulagi.

Virðingarfyllst,

¹ [Náttúrufræðistofnun – Válisti fugla 2025](#)

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur